

Frá ritstjórum

Því minna því meira. Því styttra því betra. Þetta er stundum sagt þegar kemur að skrifum á stuttum textum sem þykja því ágætari því meitlaðri og knappari sem þeir eru. Það er töluverður sannleikur í þessum orðum þótt við viljum ekki ganga svo langt að taka undir með Leonardo da Vinci sem á að hafa sagt að „ekkert“ sé æðsta form listar, tilvera þess sem ekki er. Reyndar eru til örsögur sem ganga út á „ekkert“ og eru ekki nema titill og auð síða. Þá er reiknað með hugmyndaflugi og andagift lesandans.

Stutt ritform eiga það til að líða fyrir það að vera stutt. Þess er skemmst að minnast að á smásöguna hefur stundum verið litið sem litlu systur skáldsögunnar og jafnvel sem eins konar æfingu áður en lagt er til atlögu við lengri verk. Í ljósi þessa var Stutt – rannsóknastofa í smásögum og styttri textum sett á laggirnar við Hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum. Meginmarkmið stofunnar er að efla rannsóknir, þýðingar og miðlun á smásögum og stuttum textum fyrir fræðimenn og þýðendur úr ólíkum áttum. Með styttri textum er meðal annars átt við örsögur, smáprósa, anekdotur, ævintýri, þjóðsögur, fabúlur, exempla, textabrot, strengleika/stuttar ljóðsögur, esseyjur og skemmtisögur. Í raun örverk af hvaða meiddi sem er: örleikrit, kjarnyrði, veggjakrot, smáskilaboð, auglýsingar og fleira. Eins og sjá má geta stutt form verið alls konar enda eru þau bæði gömul og ný. Þau hafa fylgt mannkyninu frá aldaöðli.

Í janúarmánuði 2023 efndi Stutt – rannsóknastofa í smásögum og styttri textum til málþings um örtexa, gamla og nýja. Þingið var haldið í Veröld og var helsti tilgangur þess að skapa svigrúm fyrir fræðilega umræðu um örstutt bókmenntaverk. Flutt voru sjö áhugaverð erindi um ólíkar gerðir smáverka sem mynda grunninn að þessu hefti. Einnig las Magnús Sigurðsson rithöfundur upp úr nýútkomnu verki sínu en eitt af markmiðum stofunnar er að kynna höfunda, íslenska og erlenda, sem skrifa stutta texta. Í kjölfarið var

ákveðið að helga sérhefti *Milli mála* 2024 efni þingsins. Heftið endurspeglar fjölbreytileika stuttra verka, tekur á nýjum formum, örsögunni, en einnig eldri svo sem ævintýrum, þjóðsögum og dæmisögum, að ógleymdum prósaljóðum, sem oft eru nálægt örsögunni. Við hæfi þótti að gefa argentíska rithöfundinum og örsagnafræðingnum Raúl Brasca fyrstum orðið og fjallar grein hans um eyðuna í örsögunni sem lesandinn fær sjálfur að ráða í. Rebekka Þráinsdóttir segir þar næst frá ljóðum í lausu máli eftir Ívan Túrgenev sem birtust í ritinu *Senilia*. Aðalheiður Guðmundsdóttir kynnir Ævintýragrunninn og tekur dæmi um nytsemi hans við rannsóknir á íslenskum ævintýrum. Knappir textar Franz Kafka eru til umfjöllunar í grein Ástráðs Eysteinsonar og Kristín Guðrún Jónsdóttir beinir sjónum að sírenum í örsögum og rekur uppruna þeirra sagna til ferða Ódysseifs. Hjalti Snær Ægisson gerir grein fyrir tengslum dæmisagna og helgisagna, en örsögur og smásögur í sagnasveig eftir David Arnason er viðfangsefni Guðrúnar Bjarkar Guðsteinsdóttur. Rýnt er í dæmisögur í *Kvöldvökunum 1794* eftir Hannes Finnsson biskup í grein Ásdísar Rósu Magnúsdóttur og að lokum fjallar Áslaug Agnarssdóttir um rithöfundinn Daníel Kharms og rússnesku örsöguna.

Nokkur smáverk af ólíkum toga og uppruna er að finna í heftinu. Rúnar Helgi Vignisson spreytir sig á fundnum formum og gerir jafnframt grein fyrir því hvað átt er við með þessu heiti og hvernig stuttir textar leita gjarnan í stöðluð form. Þá eru birtar nokkrar þýddar örsögur, allt frá fornöld til samtímans, eftir Huainanzi, Valerius Maximus, Leonardo da Vinci, Jules Lefèvre-Deumier, Ívan Túrgenev, Félix Fénéon, Sławomir Mrożek, Joyce Carol Oates, Karla Barajas og úr verkum *Zhuangzi*.

Ritstjórar þakka höfundum, þýðendum, ritrýnum, prófarkalesara og umbrotskonu frábært samstarf við gerð og frágang heftisins. Einnig þökkum við Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fyrir ómetanlegan stuðning við útgáfu tímaritsins.

*Kristín Guðrún Jónsdóttir og
Ásdís Rósa Magnúsdóttir*